

Akrafjall – öryggiskeðja eða kaðlar

Þann 9. september 2015 barst Hvalfjarðarsveit erindi frá Petrínu Ottesen varðandi mikilvægi þess að koma fyrir öryggiskeðju eða köðlum á tilteknum stöðum á vinsælli gönguleið á Akrafjalli. Í erindinu er þess farið á leit við sveitarfélagið að kannað verði hvort ekki væri hægt að fá leyfi landeiganda til að ráðast í framkvæmdir við öryggisráðstafanir á gönguleið upp á Akrafjall.

Erindið var tekið fyrir á fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar 15. september 2015 og gerð var eftirfarandi bókun: „USN nefnd tekur jákvætt í málið og felur skipulagsfulltrúa að skoða málið.“ Skipulagsfulltrúi átti í framhaldinu fund með bréfitara þar sem málið var rætt. Eftir frekari umræðu innan stjórnsýslu var ákveðið að skipulagsfulltrúi myndi óska eftir fundi með landeiganda Haraldi Benediktssyni vegna málsins.

Fundur skipulagsfulltrúa með Haraldi landeiganda var haldinn föstudaginn 19. febrúar 2016 og sat sveitarstjóri einnig fundinn. Á fundi þessum var landeiganda gerð grein fyrir erindinu og hans hugur kannaður varðandi mögulegt samstarf við Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað um málið og í framhaldinu gerð áætlunar og umsóknar í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um framkvæmdir við aðgengismál á gönguleið á Akrafjall, öryggisráðstafanir, merkingar, aðkomu/bifreiðastæði o.fl.

Haraldur rifjaði upp ýmis atriði frá liðnum árum er varða kynningu og samskipti landeiganda við Akraneskaupstað o.fl. vegna gönguleiðarinnar. Haraldur gat þess einnig að hann gæti ekki nýtt þann hluta landareignarinnar til hefðbundins búskapar þar sem umferð göngufólks er hvað mest. Þá tók hann undir nauðsyn þess að ráðast í úrbætur á öryggismálum á gönguleiðinni. Haraldur gerði að lokum grein fyrir því að grundvöllur fyrir aðkomu sinni að málinu væri að eignarréttur hans sem landeiganda væri viðurkenndur með beinum hætti og það væri viðurkennt að hann væri að láta í té tiltekin gæði og afsala eðlilegum afnotarétti sínum af hluta lands síns vegna gönguleiðarinnar og umferðar fólks. Vegna þessara atriða væri eðlilegt að landeigandi fengi greitt fyrir þessi afnot.

Niðurstaða fundarins var sú að sveitarstjóri tók að sér að gera sveitarstjórn grein fyrir umræðum á fundinum og að jafnframt myndi sveitarstjóri hafa samband við bæjarstjóra á Akranesi varðandi málið.

Hvalfjarðarsveit 10. mars 2016

Ólafur Melsted. skipulags- og umhverfisfulltrúi.